

Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna 24. – 25. mars 2022

Ályktun Lífeyrissjóðir

32. Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna ályktar að stjórnendur lífeyrissjóða þurfi aðhald með skýrum reglum. Þingið leggur áherslu á að stjórnir og forstjórar lífeyrissjóða sinni af festu umboðsskyldu sinni og vinni af heilindum og alúð í þágu eigenda sjóðanna, sem eru launafólk í landinu.

Í ljósi þess að hlutverk lífeyrissjóða og um leið vald þeirra er að aukast teljum við brýnt að mörkuð sé skýr hluthafastefna um ábyrgar fjárfestingar sem séu sjálfbærar til langs tíma. Þingið skorar á stjórnir sjóðanna að gæta þess að kjarasamningar séu ávallt virtir í þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í. Stjórnarhættir sjóðanna skulu ávallt þola dagsljósið og þingið gerir kröfu um gagnsæi í þeim efnum.

Þingið hvetur til þess að það verði skoðað hvort að það sé sjóðfélögum í hag að geta valið sér sjóð og þannig aukið aðhald. Einnig verði það skoðað alvarlega að auka sjóðfélagalýðræði í sjóðunum þar sem sjóðfélagar kjósi sjálfir stjórnir sjóðanna.

Þingið minnir ríkisvaldið á að samkvæmt því samkomulagi sem gert var við stofnun lífeyrissjóða á almennum markaði þá var gengið út frá því að ríkið myndi tryggja öllum lágmarks framfærslulífeyri, en sú upphæð er nú fráleitt næg. Þingið skorar því á ríkið að afnema þær skerðingar sem ríkisvaldið hefur staðið fyrir á undanförunum árum. Skerðingar í íslenska lífeyriskerfinu eru nú þegar mun meiri en gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við og þessar einhliða ákvarðanir ríkisins koma harðast niður á þeim sem lægstur tekjur hafa. Hægt er að taka skref í þessum efnem sem kosta ríkissjóð engin aukin útgjöld en gætu haft jákvæð áhrif á tekjur lífeyrisþega til frambúðar. Jafnframt tekur þingið undir þá sjálfsögðu kröfu að þeir sem eru 70 ára og eldri fái mótframlag atvinnurekenda óskert til sín, en það falli ekki niður eins og nú er.

Að lokum hvetur þing LIV til frekari sameiningar og einföldunar á lífeyriskerfinu.